

## Ferðareglur Fimleikafélagsins Björk

Þessar reglur eru ekki tæmandi og er nánari útgáfa í vinnslu. Þær reglur sem hér koma fram eru þó gildar fyrir allar ferðir sem ákveðnar eru frá og með 1.1.2017.

### 1. Kafli – Fylgdarmenn

- a. Enginn iðkandi getur farið í æfinga eða keppnisferð á vegum félagsins til útlanda án fylgdarmanns nema hafa náð ákveðnum aldri. Aldursviðmiðið er að iðkandi sé 12 ára eða eldri á því ári sem ferðin er farin.
- b. Fylgdarmaður getur verið fullorðinn einstaklingur sem foreldri treystir fyrir iðkandanum og verkefninu sem framundan er.
- c. Fylgdarmaður getur að hámarki verið með 2 iðkendur á sínum höndum. Fylgdarmaður getur þó verið með fleiri en 2 iðkendur ef hann er forráðamaður þeirra allra.
- d. Fylgdarmaður getur ekki verið fararstjóri.
- e. Forráðamenn skulu tilkynna skriflega til skrifstofu hver sé fylgdarmaður barns í ferð.

### 2. Kafli – Fararstjórar

- a. Fararstjórar verða að vera a.m.k. 25 ára þegar ferð er farin
- b. Að lágmarki skulu 2 fararstjórar fylgja í æfinga og/eða keppnisferðum á vegum félagsins fyrir fyrstu 12 iðkendurnar, 1 fullorðinn á hverja 12 eftir það.
- c. Þjálfarar geta verið fararstjórar en þó þarf a.m.k. 1 fararstjóri að vera í hverri ferð sem ekki er þjálfari.
- d. Séu bæði kyn að ferðast saman þarf að vera a.m.k. einn fararstjóri af hvoru kyni í ferðinni.
- e. Fararstjórar/þjálfarar skulu ekki gista í sama rými og iðkendur af gagnstæðu kyni.

### 3. Kafli – Þjálfarar

- a. Miða skal við að fjöldi iðkenda á hvern þjálfara fari ekki yfir 10. Undantekningar frá þessari reglu þurfa að vera gerðar í samráði við yfirþjálfara og skrifstofu.

### 4. Kafli – Kostnaður

- a. Ferðakostnaður fararstjóra og þjálfara flokkast sem sameiginlegur kostnaður
- b. Fylgdarmenn ferðast á eigin kostnað